Sagemcom F5359

14.08.2026

Sagemcom F5359 er einfaldur og öflugur WiFi 6 netbeinir fyrir ljósleiðara eða DSL tengingar sem styður nethraða allt upp að 1 gígabiti á sekúndu.

Að tengja beininn

Það er einfalt að tengja netbeininn, en helsta atriðið er að staðsetja hann. Netbeinirinn þarf að tengjast við símainntak eða ljósleiðarabox með snúru, en reyndu að koma honum fyrir þannig að hann geti sent út þráðlaust net hindranalaust. Þú getur kynnt þér hvernig þú hámarkar hraða og drægni á WiFi hér.



Tengja við ljósleiðara

- Tengdu netsnúru í rauða tengið aftan á netbeininum merkt **WAN** og hinn endann í ljósleiðaraboxið í tengi merkt **LAN 1** eða **Ethernet 1**.

- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.
- Ýttu á hvíta rafmagnsrofann aftan á beininum til að kveikja á honum.

Tengja við VDSL / ADSL tengingu

- Tengið símasnúru við gráa tengið merkt DSL aftan á netbeininum og hinn endann í símatengi í vegg.
- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.
- Ýttu á hvíta aflrofann aftan á beininum til að kveikja á honum.

Stöðuljósin á netbeininum

Framan á netbeininum eru fimm ljós sem segja til um stöðu hans. Undir venjulegum kringumstæðum ættu öll ljósin að verða græn skömmu eftir að netbeinirinn er settur í gang. Eftir u.þ.b 2 mínútur ættu ljósin framan á beininum að slökkva á sér.

Power ⏻	Kveikt	Kveikt á tækinu
	Slökkt	Slökkt á tækinu
	Blikkar	Tækið er að ræsa sig
Sync	Kveikt	Tækið nær sambandi við DSL eða ljósleðarabox
	Blikkar	Tækið reynir að ná sambandi við DSL eða ljósleiðarabox
	Blikkar	Tækið nær ekki sambandu við DSL eða ljósleiðarabox
WiFi	Kveikt	Kveikt á WiFi
	Rautt	Vandamál með WiFi
	Slökkt	Slökkt á WiFi
Internet	Kveikt	Tækið er með Internet samband
	Slökkt	Tækið er ekki með internet samband
Heimasími ☏	Kveikt	Símanúmer er innskráð
	Slökkt	Símanúmer er ekki innskráð

	Blikkar	Vandamál með Símanúmer

Hvað varð um ljósin?
Netbeinirinn slekkur á stöðuljósunum tveimur mínútum eftir að eðlilegt samband kemst á. Þú getur kveikt aftur á ljósunum í smá stund með því að ýta örstutt á WPS takkann á hlið netbeinisins.

Tengja heimasíma

Þú tengir heimasímann beint við netbeininn í grænu tengin merkt **Phone 1** eða **Phone 2**. Tengdu símann beint við netbeininn, ekki hafa nein millistykki eins og smásíu eða splitter á þeirra.

Tengja önnur tæki

Þú getur tengt tæki eins og tölvur, snjallsíma og sjónvörp við netið með snúru eða WiFi, en beinirinn býður upp á þrjár leiðir til að tengjast við WiFi; hefðbundið **nafn og lykilorð**, **WPS** eða **QR kóða**. Við mælum þó með að snúrutengja stærri tæki eins og tölvur og snjallsjónvörp þegar þú getur, því þannig færðu hraðasta og stöðugasta netsambandið.

Tengjast með snúru

Til að snúrutengja tæki við netbeininn þarftu einfaldlega að tengja netsnúru úr tækinu þínu yfir í eitt af gulu *Ethernet* tengjunum aftan á netbeininum. Gulu tengin eru öll jafngild, það skiptir engu máli hvert þeirra þú notar.

Tengjast WiFi með nafni og lykilorði

Til að tengjast WiFi þarftu að fara í WiFi stillingarnar í tækinu þínu, finna WiFi netið þitt og setja inn lykilorðið til að tengjast.

- Þú finnur nafn og lykilorð þráðlausa netsins á miða aftan á netbeininum.
- WiFi nafnið er merkt *Name.*
- Lykilorðið er merkt *Password* og er 10 stafa blanda af tölustöfum og hástöfum.

Viltu breyta WiFi lykilorðinu?
Þú getur breytt bæði nafninu og lykilorðinu á WiFi netinu í vefviðmóti netbeinisins.

Tengjast WiFi með WPS

Með WPS getur þú tengt tæki á WiFi án þess að nota lykilorðið. Netbeinirinn er þá settur í pörunarham og samþykkir tengingu frá fyrsta tæki sem reynir að tengjast við hann.

- Ýttu á **WPS** takkann á vinstri hlið beinisins og haltu honum inn í 5 sekúndur.
- WiFi ljósið á beininum byrjar að blikka appelsínugult þegar hann er kominn í pörunarham.
- Næsta skref fer eftir hvernig tæki þú ert að reyna að tengja:
  - Ef þú ert að tengja tölvu eða snjalltæki þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og tengjast þar.
  - Ef tækið er ekki með skjá ætti að vera svipaður **WPS** takki á því til að setja það í pörunarham.
- Eftir smá stund ættu tækið þitt og netbeinirinn að finna hvort annað og tengjast.
- WiFi ljósið á netbeininum verður aftur grænt í kjölfarið og þú ættir að fá einhverskonar merki frá tækinu þínu um að tenging hafi tekist.

Tengjast WiFi með QR kóða

Flest nýleg snjalltæki sem eru með myndavél geta tengst WiFi með því að skanna QR kóða.

- Opnaðu myndavélina eða QR skanna app í tækinu þínu.
    - Í sumum tækjum þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og velja að tengjast með QR kóða.
- Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er prentaður á límmiða aftan á netbeininum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að tengjast netinu.

Ítarlegar stillingar

Þú finnur stillingar fyrir WiFi lykilorð, foreldrastýringu og fleira í vefviðmóti netbeinisins.

Endurstilla netbeini *(Factory reset)*

Með því að endurstilla netbeininn hreinsar þú út allar stillingar og breytir þeim aftur í upprunaleg gildi. Það eru tvær leiðir til að núllstilla netbeininn; með **RESET** takkanum aftan á honum eða í gegnum stillingasíðuna.

Til að endurstilla beininn með takkanum þarftu að ýta á **RESET** takkann fyrir ofan rafmagnsrofann aftan á netbeininum. Takkinn er felldur inn í beininn svo það sé ekki hægt að ýta á hann fyrir slysni, þannig að þú þarft pinna (til dæmis tannstöngul eða bréfaklemmu) til að ná í hann. Haltu takkanum inni í 15 sekúndur þar til ljósin á beininum breytast.

Til að endurstilla beininn í gegnum stillingaviðmótið getur þú fylgt þessum skrefum:

- Veldu **My Gateway** í aðalvalmyndinni
- Veldu **Maintenance** flipann.
- Ýttu á **Reset** takkann við hliðina á *Factory Settings*.

Hvora leiðina sem þú ferð, þá tekur það netbeininn nokkrar mínútur að endurstilla sig og endurræsa. Allar stillingar og lykilorð verða þá komin aftur í byrjunarstöður.